

**Endurnýjun á sýnatökubíl  
jarðefnafræðideildar JHD**

**Hrefna Kristmannsdóttir**

**Greinargerð HK-88-09**

## ENDURNÝJUN Á SÝNATÖKUBÍL JARÐEFNAFRÆÐIDEILDAR JHD

Á árinu 1980 var keyptur á jarðefnafræðideild bíll af gerðinni Ford Econoline 250, árgerð 1979, sem var sérbúinn til sýnatöku á heitu vatni og gufu og innréttaður þannig að unnt væri að vinna í honum við einfaldar efnagreiningar. Sýnataka og mælingar á efna- og gasinnihaldi jarðhitavökva er mikilvægur þáttur í jarðhitarannsóknnum og rekstrartæknilegu eftirliti á jarðhitasvæðum. Eftirlit á jarðhitasvæðum verður að fara fram allt árið og að vetri til er ekki hægt að taka sýni nema inni í upphituðum bíl. Sýnin þarf að meðhöndla á staðnum, þynna þau, sía og blanda í þau nákvæmlega mældu magni af ákveðnum efnum. Sýrustig og rok-gjörn efni þarf að mæla á staðnum eða fljótlega eftir söfnun. Við sýnatöku fjarri rannsóknarstofu þarf því að vera aðstaða í sýnatökubíl til að greina þessi efni. Sá búnaður sem til þarf er brothættur og vandmeðfarinn og þarf því að ganga sérstaklega frá honum í bílnum þannig að hann sé bæði varinn og aðgengilegur.

Sá bíll sem verið hefur í notkun s.l. átta ár er sjálfskiptur og með bensínvél. Var sett í hann framhjóladrif og hann klæddur og innréttaður. Hefur notkun bílsins gefið mjög góða raun og aðstaða til sýnatöku orðið öll önnur og betri. Eins og við er að búast varð þó fljótlega ljóst að einstaka atriði hefðu mátt vera öðruvísi. Heppilegra hefði verið að hafa dieselvél í bílnum þar sem hann er hafður í gangi við sýnatöku sem slítur vélinni mikið, auk þess sem rekstur verður dýr. Bíllinn hefur bilað talsvert og þurft mikið viðhald. Sýnatökubíllinn er nú orðinn mjög slitinn og lélegur og þarf að kosta miklu til viðhalds hans á ári hverju. Innréttingar í bílnum eru einnig úr sér gengnar og þarfnast endurnýjunar. Við

teljum því nauðsynlegt að endurnýja bæði bíl og innréttingar sem fyrst.

Við endurnýjun mundi verða valin önnur tegund af bíl bæði vegna fremur slæmrar reynslu af stórum sendibíl og einnig vegna þess að hann er nú fremur dýr miðað við aðra valkosti.

Lagt er til að kaupa Toyotu sendibíl með fjórhjóladrifi og dieselvél, sem yrði innréttaður og toppurinn hækkaður. Áætlaður kostnaður er um 2,2 milljónir króna og er þá miðað við fullbúinn sýnatökubíl með öllum búnaði og innréttingum.

Hrefna Kristmannsdóttir